



# KJARAFÉLAG

## VIÐSKIPTAFRÆÐINGA OG HAGFRÆÐINGA

### Námsmenn og aðild að KVH

Námsmenn í viðskipta- og hagfræðideildum háskóla, sem lokið hafa tilteknun fjölda ECTS eininga geta sótt um **námsmannaaðild**. Námsmenn greiða ekki félagsgjöld til KVH meðan þeir eru í námi, nema þeir stundi launuð störf meðfram þar sem háskólamenntun þeirra nýtist. Með námsmannaaðild tryggir námsmaður sér ráðgjöf og leiðbeiningar hjá KVH og á kost á sérstakri fræðslu, m.a. um gerð starfsumsókna, ráðningarávtala og ráðningarsamninga. Mikilvægt er fyrir námsmenn að vera upplýstir um kaup og kjör, og réttindi á vinnumarkaði, þegar þeir útskrifast úr háskóla og fara til starfa á vinnumarkaði sem viðskiptafræðingar eða hagfræðingar.

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur átt gott samstarf við félög námsmanna í viðskiptafræði og hagfræði við háskólana og hefur styrkt félögini með ýmsu móti.



### Hvað gerir Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga fyrir þig?

#### Hjá KVH getur þú meðal annars:

- Fengið upplýsingar um kjar- og réttindamál
- Fengið aðstoð við gerð ráðningarsamnings
- Fengið aðstoð við að sækja rétt þinn
- Fengið ráðgjöf um vinnumarkaðsmál
- Sótt námskeið og fyrirlestra
- Fengið styrk til náms og endurmenntunar
- Fengið styrki til gleraugnakaupa og íþróttaiðkunar
- Fengið fæðingarstyrk
- Fengið styrki vegna útgjalda við heilbrigðisþjónustu
- Leigt sumarbústaði og orlofsíbúðir heima og erlendis



**KJARAFÉLAG  
VIÐSKIPTAFRÆÐINGA  
OG HAGFRÆÐINGA**

Borgartúni 6 / 105 Reykjavík  
Sími: 595 5140 / Netfang: [kvh@bhm.is](mailto:kvh@bhm.is)  
[www.kjarafelaghvh.is](http://www.kjarafelaghvh.is)  
KVH er á Facebook

Með því að gerast aðili að Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga ert þú að taka þátt í baráttu háskólamaðra fyrir því að háskólamenntun verði metin að verðleikum til launa.



**Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga – KVH** - er stéttarfélag og hefur þann megintilgang að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjar- og réttindamálum, hvort sem er á opinberum eða almennum vinnumarkaði. KVH gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna, en helstu samningsaðilar eru ríki, sveitarfélög og Samtök atvinnulífsins.

KVH gerir jafnframt stofnanasamninga við einstakar ríkisstofnanir um kaup og kjör félagsmanna og aðstoðar félagsmenn á almennum vinnumarkaði m.a. við að gera ráðningarsamninga. Að auki veitir KVH margs konar ráðgjöf.

**Aðild að KVH** geta þeir átt sem hafa lokið viðurkenndu háskólaprófi í viðskiptafræði eða hagfræði, BSc, MSc eða sambærilegu. Námsmenn í viðskipta- og hagfræðideildum háskóla, sem lokið hafa tilteknun fjölda ECTS eininga, geta einnig sótt um **námsmannaaðild**.

KVH er eitt af aðildarfélögum **BHM**, Bandalags háskólamaðra, sem m.a. rekur sameiginlega sjóði sem félagsmenn geta sótt styrki til.

#### Endurmenntun og starfsþróun

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga er aðili að Starfsmenntunarsjóði BHM. Allir félagsmenn KVH í opinberri þjónustu eru sjálfkrafa aðilar að sjóðnum, en félagsmenn á almennum vinnumarkaði geta samið um aðild í ráðningarsamningi sínum. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til viðbótarnáms, námskeiða, ráðstefna o.fl.

Félagsmenn KVH hjá sveitarfélögum eiga aðild að Vísindasjóði KVH, en félagsmenn á almennum vinnumarkaði geta einnig samið um aðild í ráðningarsamningi sínum. Sjóðurinn greiðir álegt framlag til þeirra félagsmanna sem aðild eiga að sjóðnum.

Starfsþróunarsetur háskólamaðra er einkum fyrir ríkisstarfsmenn en setrinu er m.a. ætlað að hvetja stofnanir til að styðja starfsmenn til að auka þekkingu sína og faglega hæfni.

(Sjá nánar um sjóði og styrki vegna endurmenntunar á heimasiðu KVH: [www.kjarafelaghvh.is](http://www.kjarafelaghvh.is))

#### Sjúkra- og Styrktarsjóðir BHM

Sjúkra- og Styrktarsjóðir BHM er fyrir félagsmenn á almennum vinnumarkaði, en Styrktarsjóður fyrir opinbera starfsmenn. Sjóðirnir veita félagsmönnum KVH margskonar fjárhagslegan stuðning, m.a. vegna kostnaðar við ýmiss konar meðferð, s.s. sjúkrapjálfun, sjúkranudd, sálfræðipjónustu, krabbameinsleit, tannviðgerðir, áhettumat hjá Hjartavernd o.fl, en einnig vegna líkamsræktar, gleraugnakaupa og ýmiss kostnaðar vegna starfstengdra áfalla eða óvæntra starfsloka.

#### Orlofssjóður BHM

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga er aðili að orlofssjóði BHM. Sjóðurinn annast viðamikla starfsemi fyrir félagsmenn og orlofskostir er fjölmargir: Orlofshús innanlands, bæði í Brekkuskógi og í öllum landshlutum, ásamt orlofsíbúðum erlendis. Þá gefst félagsmönnum kostur á að kaupa Veiðikort, útilegukort fyrir tjaldstæði og hótelgistingu viðs vegar um landið á afsláttarkjörum.

(Sjá nánar á heimasiðu KVH og sjóðsins)

